

## Fyrirspurn

til forsætisráðherra um bifreiðamál ráðherra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða ráðherrar hafa haft til umráða bifreið í eigu og rekstri ríkisins við embættisstörf sín frá 1. janúar 1998 til 15. nóvember 2003, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 580/1991, um bifreiðamál ríkisins, og hvaða ráðherrar sem nýta eigin bifreiðar til embættisstarfans hafa á sama tímabili nýtt sér ákvæði 11. gr. reglugerðarinnar?
2. Hver hafa útgjöld verið árlega á fyrrgreindu tímabili hjá hverju ráðuneyti fyrir sig hjá þeim ráðherrum sem hafa til umráða ráðherrabifreið í eigu ríkisins annars vegar og hins vegar hjá þeim ráðherrum sem nýta eigin bifreið vegna embættisstarfans, þ.e.
  - a. bílakaup (tegund og verð bíls á föstu verðlagi),
  - b. fyrningarfé fyrir eigin bifreið, sbr. 11. gr. reglugerðarinnar,
  - c. rekstrarkostnaður og viðhald, sbr. 10. og 11. gr. reglugerðarinnar?
3. Hvaða reglur gilda um skattgreiðslu bifreiðahlunninda og fyrningarfé til ráðherra sem nýta eigin bifreiðar?
4. Hver hefur kostnaður ráðuneyta verið á sama tímabili vegna starfskjara bílstjóra ráðherra, sundurliðað eftir tegundum greiðslna, og hver tekur ákvörðun um launakjör þeirra?
5. Hefur á fyrrgreindu tímabili ávallt farið fram útboð á bifreiðakaupum ráðherra og hvaða reglur gilda um kaup og sölu á ráðherrabifreiðum? Ef ekki hafa farið fram útboð er óskað skýringa á því.
6. Telur ráðherra að hægt sé með hagkvæmari hætti en nú er að standa að bifreiðamálum ráðherra og kostnaði þeim tengdum? Ef svo er, hvaða leiðir telur ráðherra rétt að skoða í því efni?

Skriflegt svar óskast.